

Ár 1996, miðvikudaginn 24. apríl, var í málinu nr. 1/1996 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi 4. janúar 1996 kærir Guðlaugur Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, f.h. Leifs Sveinssonar, kt. 060727-4069, ákvörðun Akureyrarbæjar um álagningu sérstaks fasteignaskatts á eignarhluta Leifs í fasteigninni Hafnarstræti 85, á Akureyri (3341-0850-010101) árið 1994 (og 1995). Í bréfi kæranda segir m.a.:

"Krafan er að álagning sérstaks fasteignaskatts á eignina Hafnarstræti 85, Akureyri, verði felld niður, en í því sambandi vísun við m.a. til þeirrar skattframkvæmdar sem var viðhöfð meðan umræddur skattur var tekjustofn fyrir ríkissjóð. Til stuðnings kröfu okkar viljum við benda á eftirfarandi atriði:

Samkvæmt 1. ml. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis nr. I í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (sbr. og lög nr. 124/1993) er heimilt að leggja á sérstakan fasteignaskatt á fasteignir sem nýttar eru til verslunar og skrifstofuhalds. Ekki er um það að ræða að umrædd fasteign sé þannig nýtt, þar sem hún er leigð undir iðnaðarstarfsemi. Leigutaki er Morgunblaðið, en útgáfa dagblaða flokkast sem iðnaður skv. atvinnu-vegaflokkun Hagstofu Íslands (nr. 284 Útgáfa bóka, blaða og annarra rita), en húsnæðið er notað til dreifingar á Morgunblaðinu til áskrifenda og smásöluaðila í bænum og sem aðstaða fyrir blaðamann og ljósmyndara, en ljósmyndun er löggilt iðngrein. Þannig fellur starfsemi í húsinu augljóslega undir útgáfustarfsemi."

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga segir m.a.:

"Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1.25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni."

Með bréfi, dags. 22. janúar 1996 óskaði Yfirfasteignamatsnefnd eftir upplýsingum ríkisskattstjóra um hvernig álagningu skattsins var háttað þann tíma er skattyfirvöld lögðu hann á og hvaða rök hafi legið til lækkunar eða niðurfellingar hans í úrskurði embættisins dags. 28. mars 1995. Í bréfi ríkisskattstjóra til nefndarinnar dags. 7. mars 1996 segir:

"Í framhaldi af beiðni yðar 22. janúar sl. um greinargerð varðandi forsendur fyrir niðurfellingu álagningar á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á ofangreinda eign voru meðfylgjandi minnisþingar teknir saman. Eins og þar kemur fram taldist í skattalegum skilningi vera rekinn iðnaður í húsnæðinu."

Þann 22. mars 1996 fór Yfirfasteignamatnefnd á vettvang og skoðaði fasteignarhluta þann sem mál þetta varðar. Auk nefndarmanna voru mættir kærandi, Leifur Sveinsson, og af hálfu Akureyrarbæjar Baldur Dýrfjörð, bæjarlögmaður og Magnús Ágústsson, lóðarskrárritari. Eignarhluti kæranda í fasteigninni er 61,5 fm. Við skoðun kom fram, að meginhluti húsnæðisins er nýttur fyrir afgreiðslu Morgunblaðsins, en einnig er þar aðstaða fyrir ljósmyndara og blaðamann. Aðilum var gefinn kostur á að tjá sig um kærufnið og var Akureyrarbæ veittur frestur til umsagnar til 15. apríl en umsögn hefur ekki borist.


Niðurstaða:


Yfirfasteignamatnefnd telur með hliðsjón af notkun eignarinnar og þegar litið er til framkvæmdar skattfyrivalda við skattlagningu á grundvelli ákvæða laga nr. 111/1992 um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, að kæranda beri ekki að greiða sérstakan fasteignaskatt af eignarhluta sínum í fasteigninni Hafnarstræti 85, Akureyri samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 5/1995.

ÚRSKURÐARORÐ

Leifi Sveinssyni ber ekki að greiða sérstakan fasteignaskatt af eignarhluta sínum í fasteigninni Hafnarstræti 85, Akureyri, miðað við núverandi notkun eignarinnar.


Pétur Stefánsson


Agnár Guðafsson


Guðný Björnsdóttir